

# Auka þarf þekkingu á timburflokkun

Mismunandi reglur hafa gilt um gæði timburs þegar verslað hefur verið með það í gegnum aldirnar en fyrstu rituðu reglurnar eru frá 1880 og upp frá því hafa verið samdar reglur sem hafa fengið mismunandi vægi í viðskiptum. Reglur sem komu fyrst fram voru skrifaðar til að meta útlitið á timbrinu, en uppúr 1920 var farið að skrifa reglur sem lýstu eiginleikum og göllum í timbri með það að markmiði að hægt yrði að flokka timbur í mismunandi styrkflokka. Nú er timbur flokkað á tvo vegu; annars vegar eftir reglum fyrir útlitsflokkun og hins vegar er timbur styrkflokkað eftir stöðlum.

Útlitsflokkun er framkvæmd eftir reglum, sem eingöngu lýsa gæðum timbursins í viðskiptum eða til ákveðinna nota. Þessar reglur eru ekki staðlar. Allt timbur sem fer í burðarvirki á að vera styrkflokkað, en timbur sem er notað þar sem útlitið ræður er



Eiríkur telur að þeir sem starfa í byggingariðnaði hafi ekki fengið þá menntun sem þeir þurfa í flokkun á timbri svo þeir geti metið hvort þeir séu að fá rétta vöru fyrir rétta notkun. Hann leggur til að komið verði á námskeiðum til þess að bæta úr þessu.

## Trésmiðir

- **TIMBUR STYRKLEIKAFLOKKAÐ**
- **STEINULL**
- **PANILL**
- **LISTAR**
- **GRINDAREFNI**
- **BMF FESTINGAR**
- **MÚRBOLTAR**
- **SAUMUR**

**Frábært verð!**



Meistaraefni ehf.  
**Sími 577 1770**  
**Fax: 557 3994**  
 E-mail: [meistaraefni@yahoo.com](mailto:meistaraefni@yahoo.com)  
 Starfsemi okkar er á athafnasvæði  
 Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi



útlitsflokkað. Einu gildir hvort við tölum um útlitsflokkun eða styrkflokkun, mismunandi reglur gilda á milli landa og þær njóta misjafnlega mikillar alþjóðlegrar viðurkenningar.

### Bláa bókin

Við Íslendingar höfum keypt mest af okkar timbri frá Rússlandi og Norðurlöndunum og þá útlitsflokkað, en flokkunin hefur ekki verið eins á milli Norðurlanda og Rússlands. Fram til 1994 flokkuðu Norðurlöndin í sex flokka en Rússarnir í fimm, sem þýddi að U/S timbur var 1. til 4. flokkur hjá Norðurlöndum en 1. til 3. flokkur hjá Rússum. Þetta hafði í för með sér skörun á gæðum og um leið misskilning á milli manna, sem fljótlega var leyst úr með því að við flokkuðum timbur hér á landi í tvo flokka, annars

vegar U/S sem við kölluðum smíðavið en hins vegar lélegra efni sem var flokkað sem byggingatimbur.

Árið 1994 komu út á Norðurlöndunum reglur sem voru gefnar út í blárrí bók. Hún er nú í daglegu tali nefnd Bláa bókin en heitir réttu nafni Nordic timber. Bláa bókin er sameiginlegt framtak Noregs, Svíþjóðar og Finnlands til útlitsflokkunar.

Flokkunaraðferðin í Nordic timber olli breytingum á öllum Norðurlöndunum. Hún gerði verksmiðjunum mögulegt að aðlaga sig að því að skila timbri sem uppfyllir kröfur og þarfir neytenda. Ýmis orð voru notuð til að skilgreina ákveðin gæði eins og til dæmis U/S (unsorted), kvinta, úrkast eða sjötti flokkur. Olli þetta oft miklum misskilningi um hvers konar gæði verið væri að bjóða. Þess vegna er ekki

**NAGARAR**  
**RAFVER**  
 SKEIFUNNI 3E-F · SÍMI 581 2333 · FAX 568 0215 · [rafver@simnet.is](mailto:rafver@simnet.is)

– Við sem vinnum að þessum málum teljum að þeir sem starfa í byggingariðnaði hafi ekki fengið þá menntun sem þeir þurfa í flokkun á timbri svo þeir geti metið hvort þeir séu að fá rétta vöru fyrir rétta notkun.

lengur notast við þessar skilgreiningar í Nordic timber til að taka af allan vafa um hver gæðin eru. Nú eru flokkarnir fjórir í stað sex og eru kallaðir A, B, C og D þar sem A er besti flokkurinn og D sá lakasti.

Þrátt fyrir einfaldleika þessarar flokkunaraðferðar hefur hún ekki enn náð eins hraðri útbreiðslu og reiknað var með og hér á landi er þessi flokkun nánast óþekkt. Því þarf að breyta til betri vegar því þótt þessi flokkunaraðferð sækir hægt á verður hún væntanlega alls ráðandi um síðir.

### Styrkflokkun hérlendis

Byrjað var að styrkflokka timbur hér á landi fyrir um það bil tíu árum og ruddu BYKO og Húsasmiðjan þar brautina. Þjálfaðir voru menn í fyrirtækjunum til að vinna þetta verk og voru þeir vottaðir af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarinnar. Fyrri reglur um styrkflokkun var að finna í staðlinum ÍST DS 413, 4. útgáfu, 4. upplagi frá 1989. Þessar reglur giltu til ársins 1999 en þá um sumarið kom útgáfa 5.1 af ÍST DS 413. Samkvæmt honum skal timbur flokkað eftir DS 483, sem er byggður á samnorræna staðlinum ÍST INSTA 142. Staðlar sem fjölluðu um styrkflokkun áður fyrr á Norðurlöndum voru misvísandi á milli landa hvað varðar einstök einkenni í timbri en þetta var samræmt með útgáfu á staðlinum ÍST INSTA 142.

Timbur sem er styrkflokkað samkvæmt ÍST INSTA 142 er flokkað í fjóra flokka: T0, T1, T2 og T3, en heiti flokkanna breyttist þannig frá ÍST DS 413:

- T30 varð T3
- T24 varð T2
- DK18 varð T1
- T0 (nýr flokkur) samsvarar T12

Eiríkur Þorsteinsson er viðurfræðingur og sér um kennslu, vottun og úttektir í sambandi við flokkun á timbri á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarinnar.

### Vottað og stimplað

Styrkflokkun á sér stað hjá timbursölum eða í sögunarmyllum sem hafa vottun til þess. Timbur sem er flokkað sem T0, T1, T2 eða T3, er notað í burðarvirki og er notkunarsviðið aðgreint hjá tækni mönnum með stöfunum K og L eftir því hvernig það er notað. Stafurinn K stendur fyrir timbur sem er notað í burðarvirki eins og til dæmis sperrur og grindarefni, og er skilgreint sem K14, K18, K24 og K30. Þegar timbrið er límt saman og notað sem límré er það merkt með L og þá skilgreint sem L30, L36 og L40. Til að mega flokka T-timbur þurfa fyrirtæki að fá vottun og gangast undir eftirlit sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarinnar annast. Allt T-timbur á að vera stimplað og á stimpillinn að vera sjáanlegur fyrir úttektarmenn. Upplýsingarnar sem eiga að koma fram í stimplinum eru:

1. Trjátegund eða blanda af tegundum
  2. Framleiðandi
  3. Númerið á staðlinum
- Dæmi:** T2-C24-greni-NN-ÍST-INSTA 142

Við sem vinnum að þessum málum teljum að þeir sem starfa í byggingariðnaði hafi ekki fengið þá menntun sem þeir þurfa í flokkun á timbri svo þeir geti metið hvort þeir séu að fá rétta vöru fyrir rétta notkun. Hér er bæði átt við útlitsflokkun og styrkflokkun. Vonandi mun Meistarafélagi húsasmiða takast að koma á nám-skeiðum þannig að núverandi og verðandi meistarar og nemar í húsasmiðum fái kennslu í flokkun og hagnýtri viðurfræði.



Aðalfundur MH var haldinn 23. apríl síðastliðinn.

## Tveir nýir í aðalstjórn MH

Böðvar Páll Ásgeirsson og Bragi Finnbogason hurfu úr stjórn Meistarafélags húsasmiðameistara á aðalfundi félagsins sem haldinn var 23. apríl síðastliðinn. Í þeirra stað tóku Þórhallur Einarsson og Gunnar Þorsteinsson sæti í stjórninni en þeir voru áður í varastjórn. Sæti þeirra í varastjórn fylltu Vörður Ólafsson og Einar Sigurðsson.

Jafnframt urðu þær breytingar á trúnaðarmannaráði félagsins að Kristján Snorrason og Bergþór Jónsson voru kosnir í ráðið í stað Arnljóts Guðmundssonar og Haraldar Sumarliðasonar sem báðir eru fyrrverandi formenn félagsins til margra ára. Arnljótur er heiðurfélagi í MH og getur sem slíkur setið fundi trúnaðarmannaráðsins eftir sem áður.

# BYGGINGAVINKLAR

..það sem fagmaðurinn notar!

**Allar gerðir festinga fyrir palla og grindverk á lager**

**ÍSÓL**  
 Ármúli 17, 108 Reykjavík  
 sími: 533 1234 fax: 568 0499

[www.isol.is](http://www.isol.is)

**Opnunartími skrifstofu MH**  
 Mánudaga til fimmtudaga: Kl. 8.30-16.00.  
 Föstudaga: Kl. 8.30-15.00.